



## **Þátttaka Dalvíkurbyggðar í heilsuefningu starfsmanna og hvatning til heilsuræktar**

### **Úthlutunarreglur úr Heilsusjóði Dalvíkurbyggðar**

Dalvíkurbyggð er heimilt að veita starfsmönnum Dalvíkurbyggðar styrk vegna heilsuræktar og meðferðar á huga, líkama og sál að hámarki 15.000 krónur á hverju almannaksári. Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar. Námskeið er almennt ekki styrkt. Ekki er veittur styrkur á móti læknskostnaði.

Dæmi um meðferðir: sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kírópraktor, meðferð hjá osteópata, sálfræðiþjónusta, félagsráðgjöf, næringarráðgjöf, nálastungumeðferð.

Til að eiga rétt á styrk þarf starfsmaður að hafa starfað hjá Dalvíkurbyggð í samtals 6 mánuði samfelld áður en umsókn er styrkhæf. Veittur styrkur skal vera í samræmi við starfshlutfall, þannig að starfsmaður sem er í 100% starfshlutfalli getur fengið hámarksstyrk en starfsmenn sem eru í 99% starfshlutfalli og minna geta fengið hlutfallslegan styrk í samræmi við stöðuhlutfall.

Styrkþegi þarf að framvísa afriti af frumriti af reikningi og greiðslukvittun. Umsóknir ásamt fylgigögnum skulu berast til launafulltrúa á sérstöku umsóknareyðublaði og greiðsla styrkja fer fram hjá launafulltrúa Dalvíkurbyggðar. Kvittanir sem berast fyrir 15. hvers mánaðar greiðast um næstu mánaðarmót inná launareikning.

Einungis er greitt fyrir heilsurækt sem starfsmaður einn getur nýtt sér (ekki er veittur styrkur fyrir klippikort/gatakort).

Við úthlutun styrkja er gerð krafa um að starfsmaður hafi verið á launaskrá samfelld í 6 mánuði fyrir úthlutun.

Launafulltrúi hefur umsjón með framkvæmdinni og sér um að afgreiða umsóknir í samræmi við gildandi reglum. Framkvæmdastjórn er launafulltrúa til stuðnings í álitaeftum.

***Samþykkt á 974. fundi byggðaráðs þann 28. janúar 2021.***

***Samþykkt á 332. fundi sveitarstjórnar þann 23. febrúar 2021.***